

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn á að vera óraskaður. Ákærði Sigurbjörn Bjarnason greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirjettarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eiuars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 31/1898:

Indriði Einarsson
gegn
M. Á. Matthiesen.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði í hjerði hinn stefndi M. Á. Matthiesen skósmiður gegn áfrýjandanum Indriða revisor Einarssyni til greiðslu á eptirstöðvum af skuld fyrir skófatnað og skóviðgjörðir, að upphæð 72 kr. 69 a., og var málið dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 16. júní þ. á. þannig, að áfrýjandinn skyldi greiða stefnda hina umstefndu skuld, 72 kr. 69 a., með 5% vöxtum frá sátta-kærudegi til borgunardags og 8 kr. í málskostnað. Ennfremur skyldi og áfrýjandinn fyrir óþarfa þrætu greiða 8 kr. sekt í landssjóð.

Dómi þessum hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 3. júlí þ. á., og krafizt þess, að málinu verði vísað heim til nýrrar með-

ferðar frá því stigi, er neitunarúrskurður dómars 5. maí þ. á., er synjaði áfrýjanda um frest í málinu, var felldur, en til vara, að áfrýjandinn verði sýkn dæmdur af öllum kærum og kröfum stefnda og stefndi dæmdur til að endurgjalda áfrýjanda málskostnað fyrir báðum rjettum, þar með talin málflytningu- og talningu- og málsfærslumanns hans fyrir yfirdóminum. Loks krefst hann þess, að sektarákvæði undirdómsins verði úr gildi fellt. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og sjer dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eptir rjettarins mati.

Hinn stefndi kærði mál þetta fyrir sáttanefnd með sáttakæru 5. apríl þ. á., og átti málið að fyrirtakast fyrir sáttanefndinni 12. s. m. Stefndi mætti á sáttafundinum, en áfrýjandinn eigi, og tjáði kona hans sáttanefndinni skriflega sjúkdómsforföll hans, en án þess læknisvottorð fylgdi tilkynningunni. Var málinu síðan eptir kröfu stefnda vísað til aðgjörða dómstólanna. Þegar málið síðan kom fyrir bæjarþingið 5. maí þ. á., lagði stefndi fram sáttakæruna og annað skjál, er hann hafði lagt fram fyrir sáttanefndina, er sáttatilraunin átti fram að fara, svo og stefnuna til bæjarþingsins, og krafðist hann dóms þegar í stað samkvæmt skjölum þessum; en maður sá, er mætti fyrir áfrýjanda, bað um 8 daga frest til andsvara og til að færa sönnur á það, að áfrýjandi hefði verið hindraður af sjúkdómi frá að mæta á sáttafundi í málinu. Stefndi mótmælti þessum fresti, og úrskurðaði þá dómurinn, að hann yrði eigi

veittur sökum þess að áfrýjandinn hefði eigi getað tilgreint, hverju hann ætlaði að svara eða gæti svarað til kröfu stefnda, og gjörði eigi grein fyrir, af hverjum ástæðum hann hefði eigi þegar útvegað sönnun fyrir forföllum sínum að koma á sáttafundinn. Var svo málið tekið undir dóm og dæmt sem fyrir greinir.

Eins og áður er tekið fram, mætti áfrýjandinn eigi á sáttafundinum, og var honum því eigi kunnugt um skjöl þau, er þar komu fram, og á bæjarþinginu mætti hann heldur eigi sjálfur, heldur annar maður í umboði hans. Það mátti því eigi ætlast til þess, að frá hans hálfu kæmi á bæjarþinginu frestlaust slík greinargjörð fyrir andsvörum gegn hinni umstefndu skuldarkröfu, sem úrskurðurinn nefnir, og eins var áfrýjandi eigi skyldur til að hafa útvegað sönnun fyrir forföllum sínum frá að mæta á sáttafundinum þegar fyrir fyrstu fyrirtekt málsins, eða fyrir en hann hafði vissu fyrir að vefenging á forföllum kæmi fram frá mótparti hans. Það verður því eigi álitid, að úrskurður dómars 5. maí þ. á., er synjaði áfrýjanda um frest til andsvara og til að sanna sjúkdómsforföll sín, hafi verið á rökum byggður, og ber því samkvæmt kröfu áfrýjanda að fella hann úr gildi og dæma eptirfarandi meðferð málsins og dóminn í því ómerkan, en vísa málinu heim aftur til nýrrar og löglegrar meðferðar. Eptir atvikum þykir rjett að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákvedst 10 kr.

Því dæmist rjett vera:

Úrskurðurinn 5. maí þ. á. skal úr gildi felldur og eptirfarandi meðferð málsins og dómurinn í því ómerkt vera. Undirdómaranum ber að taka málið fyrir af nýju til nýrrar og löglegri meðferðar frá því stigi, er málið var á, er úrskurðurinn var uppkveðinn, og veita áfrýjanda hæfilegan frest í umbednu augnamiði. Stefndi M. Á. Matthiesen greiði áfrýjanda Indriða Einarssyni 10 kr. í málskostnað, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 14. nóvembermánaðar.

Nr. 33/1898: Hannes Thorsteinson fyrir hönd
Jörgen Petersen & Co.
gegn
Rafni Sigurðssyni.

D ó m u r:

Með dómi bæjarþingsrjettar Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 28. aprílmánaðar þ. á., var hinn stefndi, skósmiður Rafn Sigurðsson í Reykjavík, dæmdur til þess að greiða áfrýjanda, cand. jur. Hannesi Thorsteinson fyrir hönd verzlunarfelagsins Jörgen Petersen & Co. í Kaupmannahöfn, verzlunarviðskiptaskuld að upphæð 214 kr. 21 e. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og 20 kr. í málskostnað. Dómi þessum hefur Hannes Thorsteinson fyrir hönd